

SKÓLADAGAR

Nemandinn í einstaklingsmiðuðu námi



Tilviksathugun á miðstigi grunnskóla skólaárið 2005-2006

Birna Sigurjónsdóttir
2007

© Menntasvið Reykjavíkur 2007
Umbrot og prentun Gutenberg
Myndir úr myndasafni
ISBN 978-9979-9336-1-8

SKÓLADAGAR

Nemandinn í einstaklingsmiðuðu námi

Tilviksathugun á miðstigi grunnskóla skólaárið 2005-2006

Birna Sigurjónsdóttir
2007



Reykjavíkurborg
Menntasvið

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Einstaklingsmiðað nám, samvinna nemenda	3
Markmið athugunar.....	4
Framkvæmd	4
Athugandi og framsetning efnis.....	5
Skólinn og aðstæður nemenda	6
Markmið skólans.....	6
Námsumhverfi og aðstæður	6
Skipulag – einstaklingsmiðað nám og samvinna nemenda	7
Stundatafla 4.-5. bekkur.....	8
Hópar – skipulag	9
Vinnulag nemenda	10
Námsmat – eftirlit kennara	12
Skóladagar.....	13
Vigdís	13
Siggi	15
Geir og Halla.....	18
Samantekt.....	22
Umræða.....	23
Lokaorð	24
Heimildir	24

Inngangur

Sú ákvörðun var tekin á Menntasviði Reykjavíkur árið 2005 að gera vettvangsathugun á framkvæmd einstaklingsmiðaðs náms í grunnskóla í Reykjavík.

Athugunin fór fram skólaárið 2005-2006 og var samvinna við Ólaf H. Jóhannsson lektor og Børk Hansen prófessor við Kennaraháskóla Íslands um skipulag og framkvæmd. Anna Kristín Sigurðardóttir, skrifstofustjóri grunnskólaskrifstofu Menntasviðs Reykjavíkur, hafði frumkvæði að verkinu en Birna Sigurjónsdóttir, verkefnastjóri á grunnskólaskrifstofu, tók að sér vettvangsathugun, úrvinnslu gagna og ritun niðurstaðna.

Í þessu hefti er lýst markmiðum og framkvæmd athugunarinnar, stefnumótun fræðslufirvalda í Reykjavík um einstaklingsmiðað nám og samvinnu nemenda og skipulagi og útfærslu skólans á þeirri stefnu. Þá er leitast við að lýsa aðstæðum í skóla og einkennum skólastarfsins eins og þau birtust í vettvangsathuguninni. Sjónum er síðan beint að því hvað einkennir skólalag þriggja nemenda og nám þeirra frá degi til dags.

Einstaklingsmiðað nám, samvinna nemenda

Í stefnu menntamála í Reykjavík er einstaklingsmiðað nám og samvinna nemenda meginstefnumið fyrir allt skólastarf í grunnskólum Reykjavíkur. Einnig er lagt til að nemendur geri sér einstaklingsáætlanir um nám sitt í samvinnu við kennara og foreldra.

Í stefnu og starfsáætlun Menntasviðs Reykjavíkurborgar fyrir leik- og grunnskóla 2006 birtist markmið um einstaklingsmiðað nám í kafla um stefnumótun í menntamálum, 10 ára framtíðarsýn, þar segir:

Nemendur starfa samkvæmt einstaklingsáætlun sem þeir gera í samstarfi við kennara og foreldra. Starfshættir eru opnir og sveigjan-

legir og nemendur vinna sjálfstætt og í samvinnu við aðra með stuðningi upplýsinga- og samskiptatækni.
(Starfsáætlun 2006, bls 8).

Í fylgiskjali með starfsáætluninni eru skilgreiningar á hugtökum sem birtast í stefnunni. Einstaklingsmiðað nám og samvinna nemenda er þar skilgreint sem:

Skipulag náms sem tekur mið af stöðu hvers og eins en ekki hóps nemenda eða heils bekkjar í grunnskóla. Nemendur eru ekki að læra það sama á sama tíma heldur geta þeir verið að fást við ólík viðfangsefni og verkefni einir sér eða í hópum. Nemendur bera ábyrgð á námi sínu og nám hvers og eins byggir á einstaklingsáætlun.
(Starfsáætlun 2006, fylgiskjal 27).

Einstaklingsáætlun er á sama stað skilgreind þannig:

Formleg áætlun sem nemandi setur sér fyrir ákveðið tímabil í samvinnu við kennara sinn og foreldra. Áætlunin nær til þeirra meginmarkmiða sem nemandinn hyggst ná í náminu og þeirra leiða sem hann ætlar að fara og byggir á mati á stöðu hans. Áætlunin byggir á markmiðum aðalnámskrár og skólanámskrár.
(Starfsáætlun 2006, fylgiskjal 27).

Grunnskólar í Reykjavík hafa undanfarin ár tekið skref í átt að einstaklingsmiðuðu námi og samvinnu nemenda samkvæmt stefnumótun fræðslufirvalda í borginni. Í samræmi við faglegt sjálfstæði skóla velja þeir ólíkar leiðir og taka misstór skref.

Matstæki um einstaklingsmiðað nám var mótað á Menntasviði í samstarfi við skólastjóra grunnskóla og gefið út 2005. Með aðstoð þess geta skólar greint hversu langt þeir eru komnir í að innleiða einstaklingsmiðað nám. Í matstækinu er skólastarfi skipt upp í sex þætti eða stöðir, þ.e. skipulagsstöð, námsumhverfisstöð, viðhorfastöð, kennarastöð, nemendastöð og foreldrastöð. Í hverri stöð eru greind fimm stig og miðast fyrsta stigið við hefðbundinn

skóla og bekkjarkennslu og fimmta stigið við einstaklingsmiðað nám og samvinnu nemenda. Í nemendastofninni er stefnt að því að nemendur séu ábyrgir fyrir námi sínu, setji sér eigin markmið í námi og geri eigin áætlanir, einnig að nemendur þekki sinn námsstíl, vinni sjálfstætt einir og í hópum, afli sér upplýsinga, velji verkefni og taki þátt í skipulagi skólastarfsins (Matstæki um einstaklingsmiðað nám, 2005).

Samkvæmt framangreindu ættu þættir, s.s. ábyrgð á eigin námi, eigin áætlanir nemenda, frumkvæði, sjálfstæði, val um verkefni og ólík viðfangsefni nemendahópsins að einkenna nám nemenda þar sem skólar hafa lýst því yfir að þeir hafi einstaklingsmiðað nám og samvinnu nemenda að leiðarljósi.

Markmið athugunar

Markmið athugunarinnar var að safna gögnum um vinnulag nemenda í einstaklingsmiðuðu námi og semja lýsingu á aðstæðum og námi í skóla þar sem yfirlýst stefna er að nám sé einstaklingsmiðað. Ætlunin var að lýsingin nýttist kennurum og skólum til að skipuleggja þróunarstarf. Leitast var við að draga upp mynd af framkvæmd náms og kennslu við aðstæður þar sem yfirlýst er að nemendur séu í einstaklingsmiðuðu námi. Reynt var að bregða ljósi á sambengi þess sem kennarinn skipuleggur og í framhaldi af því hvernig nemandinn tekst á við verkefni sem fyrir liggja. Einnig var skoðað að hve miklu leyti nemandinn er ábyrgur fyrir námi sínu, gerir eigin áætlanir og setur sér markmið.

Tilgangur athugunarinnar var bæði stjórnunarlegur, þ.e. til gagns fyrir stefnumótun Menntasviðs og framkvæmd stefnu um einstaklingsmiðað nám og kennslufræðilegur, þ.e. að safna upplýsingum sem gagnast viðkomandi kennurum og skóla. Þá er vonast til að athugunin nýttist kennurum almennt. Fyrst og fremst var stefnt að því að fá fram greinargóða lýsingu á námi og kennslu í einstaklingsmiðuðu námi sem hægt er að læra af en ekki að alhæfa um æskilegt námsskipulag.

Framkvæmd

Beitt var eigindlegri nálgun og gögnum safnað með vettvangsathugun þar sem rannsakandi er einnig þátttakandi í skólastarfinu (Bogdan and Biklen 1992, bls. 2 og Taylor og Bogdan 1984, bls. 15). Vettvangsathugunin fór fram í skólaföllum í einum grunnskóla og var nemendum fylgt eftir í námi. Áður en vettvangsathugun hófst var farið í stutta heimsókn í einn skóla til að forprófa aðferðina. Athugandi fór í níu heimsóknir í fyrrnefndan skóla á jafnmörgum vikum og fylgdist með alls 25 kennslustundum. Auk þess var fundað með skólastjórnendum og kennurum.

Í skólaföllum voru athugasemdir skráðar á 5 mínútna fresti og reynt að ná niður lýsingu á því sem einstakir nemendur voru að fást við og/eða hvað helst var um að vera í stofunni. Að lokinni hverri heimsókn voru ritaðar vettvangsnótur. Skráð var annars vegar hvað 1-3 nemendur voru að fást við hverju sinni og hins vegar almennar vettvangsnótur þar sem lýst var því sem um var að vera í stofunni eða hjá hópnum. Við ritun niðurstaðna var til viðbótar við þessi gögn stuðst við ritað efni frá skólanum, m.a. handbók skólans og upplýsingar á heimasíðu. Inn í almennar vettvangsnótur voru einnig skráðar upplýsingar úr samtölum við kennara svo og það sem bar fyrir augu og eyru í skólanum, s.s. á kennarastofu, í frímínútum og í matsal. Þessar upplýsingar mynda grunnöggn þess sem hér á eftir birtist.

Valinn var einn þeirra skóla í Reykjavík sem hafa einstaklingsmiðað nám að yfirlýstu markmiði. Í honum var samkensla árganga og áhersla lögð á þemavinnu og samþættingu námsgreina. Eftir ábendingu skólastjóra var síðan valinn nemendahópur þar sem kennarar unnu saman í teymi og skipulögðu námið í anda einstaklingsmiðunar.

Heimsóknir í skólann fóru fram í nóvember og desember 2005 og í byrjun janúar 2006. Þeim var dreift á alla vikudaga og námsgreinar til að fá sem best yfirlit yfir nám og vinnu nemenda. Þegar upp var

staðið hafði verið fylgst með nemendum í flestum námsgreinum nema sundi, íþróttum og heimilisfræði.

Að athugun lokinni var gerð samantekt um helstu atriði og kynnt á fundi með kennurum og skólustjóra. Þetta var gert til að þeim mætti þá þegar nýtast athuginin í skólastarfinu sem mat og lýsing á aðstæðum, námi og vinnu nemenda.

Athugandi og framsetning efnis

Ég, Birna Sigurjónsdóttir verkefnastjóri á grunnskólaskrifstofu Menntasviðs, tók að mér vettvangsathuginina og ritun niðurstaðna sem hluta af starfi mínu skólaárið 2005-2006. Reynsla mín af skólastarfi sem grunnskólakennari og aðstoðarskólustjóri í um 20 ár, auk reynslu af ráðgjafarstarfi á Fræðslumiðstöð, nýttust mér vel við vinnslu þessa verkefnis svo og þekking á eiginlegri aðferðafræði sem ég hafði m.a. aflað mér í framhaldsnámi og notað við meistaraþrófsrannsókn mína árið 2001.

Í stað þess að nota 3. persónu í ritun niðurstaðna og vísa til „athuganda“ nota ég hér eftir 1. persónu til að vísa til þess sem athugar og ritar. Þegar ég vísa ég til nemenda með fornafni nota ég „þau“ til að minna á að þar eru bæði strákar og stelpur á ferðinni. Sömu leiðis segi ég „hún“ og „þær“ um kennara og skólastjórnendur, þar sem um konur var að ræða.

Ég fylgdist með námi og kennslu inni í hóp/bekk með það að markmiði að lýsa á sem skýrastan hátt námi nemenda ásamt því að skoða samspil milli áætlana og fyrirmæla kennarans og virkni nemandans. Sjónarhornið var út frá nemandanum og virkni hans og ég fylgdist sérstaklega með tveimur og stundum þremur nemendum og skráði hvað þeir voru að fást við á hverjum tíma.

Strax að lokinni hverri athugun skrifaði ég ítarlega lýsingu byggða á þeim athugasemdum sem ég hafði skráð á staðnum. Annars vegar almennar vettvangsnótur og hins vegar nótur um einstaklinga sem ég fylgdist sérstaklega með hverju sinni.

Hlutverk athuganda í vettvangsathugun er að vera „fluga á vegg“, fylgjast með því sem gerist og leitast við að skilja aðstæður og skrá þær síðan eins nákvæmlega og unnt er út frá því sjónarhorni sem athugininni er valið (Bogdan og Biklen 1992, bls. 2). Við slíkar aðstæður þarf að leitast við að trufla sem minnst það starf sem fram fer. Það fór þó ekki hjá því að ég hefði áhrif með nærveru minni og geri ég grein fyrir því í lýsingu eftir því sem við á. Þannig brá ég mér stöku sinnum í hlutverk kennara og sagði nemendum til ef þau vantaði aðstoð. Það kom einnig fyrir að ég varð vör við að nærvera mín hafði áhrif á hegðun nemenda, rétt eins og nærvera annarra fullorðinna á staðnum.

Ég komst fljótlega að því að til að fylgjast með fjölbreyttu og síkviku starfi þurfti ég einnig að vera mjög hreyfanleg til að fylgja eftir einstaklingum og hópum, sífellt á nýjum stað og í nýjum verkefnum. Bekkjarstofur voru stórar og ég gerði mér far um að færa mig reglulega til að fá meiri yfirsýn. Einnig fylgdi ég eftir hópum í aðra tíma til að fá sem besta mynd af því sem nemendur voru að gera utan og innan stofunnar.

Kennarar tóku mér undantekningarlaust vel en ég fann þó að ég truflaði stöku þeirra meira með nærveru minni en aðra. Ég reyndi að draga úr því með því að benda þeim á að ég væri fyrst og fremst að fylgjast með námi nemenda en ekki kennurum.

Nemendur tóku mér vel en af forvitni blandinni undrun. Ein stelpa spurði hvort ég ætlaði að vera hjá þeim allan daginn og í kjölfarið spurði hún: „hvernig nennirðu því?“ og á einum stað var eftirfarandi skráð í vettvangsnótur:

Ein af stelpunum kemur til mín, gengur þétt upp að mér og horfir í augu mér. Hún spyr hvað ég sé að gera. Ég segi henni það, að ég sé að fylgjast með hvernig þau vinna og hvernig þau læra svo aðrir geti lært af því. Þetta er athugun, segi ég. Ætlarðu þá ekki að koma í tónmennt og íþróttir, spyr hún. Ég segi að það geti vel komið til og hún virðist sátt við svörin.

Skólinn og aðstæður nemenda

Skólinn er í úthverfi Reykjavíkur og í honum voru á þriðja hundrað nemendur í 1.-10. bekk skólaárið 2005-2006. Skólabyggingin er nýleg og glæsileg og var tekin í notkun fyrir nokkrum árum.

Í skólanum eru 16 almennar skólastofur og góð aðstaða til sérgreinakennslu í þar til gerðum stofum, auk tölvuvers og bókasafns. Einnig er mötuneyti, salur fyrir félagsstarf, íþróttasalur og aðstaða fyrir frístundaheimili svo og stjórnunarrými og vinnuaðstaða fyrir kennara skólans.

Markmið skólans

Leiðarljós skólans eru *virðing*, *virgni* og *velvild*. Í handbók skólans til foreldra kemur fram að unnið sé samkvæmt stefnu fræðslufirvalda um skóla án aðgreiningar sem felur m.a. í sér:

- Einstaklings-/ hópamiðað nám. Þegar nám er einstaklingsmiðað er hverjum og einum nemanda mætt þar sem hann er staddur í námi og þess er vænst að nemendur leggi það af mörkum sem þeir geta í námi sínu.
- Kennsla nemenda með sérþarfir samþætt viðfangsefni námshópa.
- Samkennslu innan og milli árganga.
- Áhersla á umsjónarhópa en ekki hefðbundnar bekkjardeildir.
- Samþættingu námsgreina – að nemendur geti nýtt sér tölvutæknina í sem flestum námsgreinum.
- Fjölbreyttar kennsluáferðir.
- Sjálfstæð vinnubrögð, sköpun og frumkvæði.
- Umhverfismennt.

Lögð er mikil áhersla á einstaklingsmiðað nám og á heimasíðu skólans er undirvefur helgaður því. Þar segir m.a.: „Einstaklingsmiðað námsumhverfi verður að vera sveigjanlegt og bjóða upp á vinnu í litlum og stórum hópum sem og einstaklingsvinnu. Námsgögn verða að vera fjölbreytt og aðgengileg fyrir nemendur. Í einstaklingsmiðuðu námi hefur

nemandinn áhrif á námsumhverfi sitt og verður sjálfstæðari og ábyrgari fyrir eigin námi.“

Á heimasíðunni er vitnað í Carol Ann Tomlinson (1999) og lýsingu hennar á einstaklingsmiðuðu námi. Hún segir m.a. að mikilvægt sé að námið og kennslan:

- skipti nemandann máli, það tengist heiminum sem þau þekkja.
- hjálpi nemandanum að skilja sjálfan sig betur og umhverfi sitt, nú og í framtíðinni.
- bjóði upp á raunveruleg viðfangsefni en ekki tilgangslaugar æfingar.
- komi nemandanum að gagni strax í einhverju sem skiptir hann máli.

(Tomlinson, 1999, bls. 30)

Námsumhverfi og aðstæður

Í nemendahópnum sem ég fylgdist með í þessar níu vikur sem athugunin stóð voru alls 58 nemendur í 4. og 5. bekk. Kennararnir voru fjórir í 3½ stöðugildi. Þetta voru þær Guðrún, Hallgerður, Helga og Eyrún¹ sem skiptu með sér kennslu og umsjón með þessum nemendahópi. Til umráða fyrir bóklega kennslu hafði hópurinn tvær stofur hlið við hlið. Önnur stofan var stór, á við tvær stofur (70-80m²) en hin minni, á stærð við hefðbundna skólastofu. Allir nemendur gátu rúmast við borð í stærri stofunni en sjaldnast var hópurinn allur þar saman kominn nema stutta stund í upphafi dags eða vinnulotu. Í stóru stofunni voru tvö kennaraborð í miðju stofunnar, hvort á móti öðru. Nemendaborðum var raðað upp að kennaraborðinu svo nemendur gátu sest þar meðan kennari aðstoðaði. Öll borð og stólar voru stillanleg í hæð og virtust nemendur nýta sér það óspart. Borðum var annars raðað saman í eyjar, 4-6 borð saman.

¹ Nöfnum hefur verið breytt.

Stofurnar voru líflugar með myndum og plakötum á veggjum. Myndir af nemendum frá því þau voru yngri prýddu stofurnar, þær voru skreyttar með skeljum og fjörugróðri í kring. Í gluggum voru haustverkefni, laufblöð í skrautlegum munsturmyndum sett í glært plast. Reglur 4. og 5. bekkjar voru sýnilegar á fleiri en einum stað í stofunni. Á töflunni í öðrum enda stofunnar höfðu tveir stórir flugdrekar verið hengdir upp.

Í annarri heimsókn minni í nóvember hafði litlum heftum um Jónas Hallgrímsson verið raðað í glugga og á hliðarborð. Þau höfðu nemendur útbúið á Degi íslenskrar tungu. Krakkarnir höfðu myndskreytt nokkur ljóðanna og skrifað í heftin upplýsingar um skáldið. Í öðrum enda stofunnar voru einnig grafíkmyndir, sem krakkarnir hafa væntanlega gert í myndmennt.

Myndir úr þemavinnu, sem var í gangi á þessum tíma, voru settar upp á veggina eftir því sem þeim miðaði áfram. Þannig var í nóvemberlok ein af stóru víkingamyndunum komin upp á töflu fullunnin og nöfn þeirra sem teiknuðu á miðum neðan við myndina. Í janúar voru allar víkingamyndirnar, ein frá hverjum hópi, komnar upp og í bland mátti sjá jólamyndir sem enn héngu uppi við.

Möppur með verkefnabókum nemenda eru ofan á hliðarskápum og einnig í efri skápum. Skúffuskápur er í miðri stofu þar sem nemendur geyma verkefni og bækur. Stundatafla og matseðill mánaðarins hangir á vegg í stóru stofunni.



Skipulag - einstaklingsmiðað nám og samvinna nemenda

Nám og kennsla nemenda er skilgreint í skólanámskrá þar sem tiltekið er hvaða markmiðum aðalnámskrár skuli náð á hverju ári í hverri námsgrein. Skólanámskrá byggir á markmiðum aðalnámskrár. Markmiðum í samfélagsfræði og náttúrufræði er náð í þemaverkefnum sem raðað er á tveggja ára tímabil vegna samkennslu árganga. Þannig var víkingaþemað tekið þetta skólaár með 4. og 5. bekk, en Evrópuverkefni næsta ár með sömu árgöngum.

Skipulagið, hópaskipting og stundatafla settu vinnu krakkanna ramma. Þannig voru þau oft að vinna eftir einni skipan en innan þess ramma var mikill sveigjanleiki sem fólst í því að þegar einu verkefni lauk héldu þau áfram í því næsta og fóru mjög mishratt yfir. Afköstin voru mismunandi eftir einstaklingum og þau voru stöð á ólíkum stöðum í vinnubókum og mislangt komin með þemaverkefni. Kennararnir hvöttu þau áfram og fylgdust með afköstum og árangri. Áætlun var aðeins sett fyrir þau sem voru í hættu að dragast aftur úr, en þótti ekki þurfa fyrir hin sem fóru hratt yfir eða unnu jafnt og þétt. Það var því ekki þannig að nemendur gerðu skriflegar áætlanir um nám sitt hverju sinni, en ég varð vör við að flest þeirra voru metnaðargjörn og vildu ljúka bókum og verkefnum og sátu þá kappsöm við, því það var eftirsóknarverður áfangi að fá næstu bók. Guðrún lýsti þó áhyggjum sínum af því að einstaklingar kynnu að leyna litlum afköstum í hópnum, en kennararnir unnu gegn því með því að líta stöðugt eftir því hvernig vinnu þeirra miðaði. Guðrún greindi mér einnig frá því að kennararnir ætluðu að byrja á áætlanagerð með nemendum og foreldrum þeirra sem fyrst, nú þegar skipulagið væri komið í fast form.

Stundatafla 4.-5. Bekkur

Steinaskóli

Reykjavík

Skólaárið 2005-2006

	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
8:10-8:15	Morgunstund	Morgunstund	Morgunstund	Morgunstund	Morgunstund
8:15-8:55	Sund I Íslenska	Tónmennt stúlkur Íþróttir 4.I Stærðfræði 5.A	Heim. 3 Textíl 4 Mynd. 2 Smíði 1	Tónmennt stúlkur Íþróttir 4.I Stærðfræði 5.A	Þemavinna (Samfélagsfræði og náttúrufræði)
8:55-9:35	Sund Íslenska	Tónmennt 5.A Íþróttir stúlkur Stærðfræði 4.I	Heim. 3 Textíl 4 Mynd. 2 Smíði 1	Tónmennt 5.A Íþróttir stúlkur Stærðfræði 4.I	Þemavinna (Samfélagsfræði og náttúrufræði)
9:30-10:00	Frímínútur	Frímínútur	Frímínútur	Frímínútur	Frímínútur
10:00-10:40	Sund Íslenska	Tónmennt 4.I Íþróttir 5.A Stærðfræði stúlkur	Heim. 4 Mynd. 3 Vinnustund 2 Upplýsingamennt 1	Tónmennt 4.I Íþróttir 5.A Stærðfræði stúlkur	Sund 4 Íslenska
10:40-11:20	Stærðfræði	Textíl 2 Smíði 3 Íslenska	Heim. 4 Mynd. 3 Vinnustund 1-2 (áætlun)	Þemavinna (Samfélagsfræði og náttúrufræð)	Stærðfræði
11:20-11:50	Næðisstund	Næðisstund	Næðisstund	Næðisstund	Næðisstund
11:50-12:30	Matur, frímínútur	Matur, frímínútur	Matur, frímínútur	Matur, frímínútur	Matur, frímínútur
12:30-13:10	Enska 5.A Stærðfræði 4.A	Textíl 2 Smíði 3 Íslenska	Enska 5.A Íslenska 4.I	Þemavinna (Samfélagsfræði og náttúrufræði)	Þemavinna (Samfélagsfræði og náttúrufræði)
13:10-13.50	Textíl 1 Smíði 2 Íslenska	Textíl 3 Smíði 4 Íslenska	Heim. 1 Mynd. 4 Vinnustund 3 Upplýsingamennt 2	Þemavinna (Samfélagsfræði og náttúrufræði)	Heim. 2 Mynd. 1 Vinnustund 4 Upplýsingamennt 3
13:50-14:30	Textíl 1 Smíði 2 Íslenska	Textíl 3 Smíði 4 Íslenska	Heim. 1 Mynd. 4 Vinnustund 2-3	Þemavinna (Samfélagsfræði og náttúrufræði)	Heim. 1 Mynd. 4 Vinnustund 3 Upplýsingamennt 4

Hópar – skipulag

Í skólanum var samkenndsla tveggja árganga allra barna í 2.-7. bekk og að hluta einnig á unglíngastígi. Það sem einkenndi skipulagið í 4. og 5. bekknum voru ólíkir hópar sem nemendur voru reglulega þátttakendur í. Ég átti í byrjun fullt í fangi með að fylgjast með hópaskiptingum og lenti hvað eftir annað í því að nemendurnir tveir sem ég ætlaði að fylgja eftir voru hvor í sinni stofunni.

Nemendahópurinn rúmaðist í stærri stofunni og þar byrjuðu þau skóladağinn öll saman og luku honum. Þar áttu þau hvert sinn stað og sæti, strákar og stelpur úr bæði 4. og 5. bekk. Á langflestum borðum sátu annað hvort stelpur eða strákar saman.

Kennarahópurinn var greinilega samtaka og með skipulagið á hreinu. Þær voru búnar að ákveða verkaskiptingu sína fyrir fram og staðsetningu hvern og einnar. Guðrún fór fyrir hópnum og það var oftast hún sem gaf fyrirmæli en ég sá þó ekki annað en að krakkarnir virtu kennarana alla jafnt. Stöku sinnum báru þær sig saman í örstutta stund en oftast voru þær dreifðar um stofuna eða stofunnar sem hópurinn nýtti hverju sinni.

Ólíkir hópar – allir með

Í daglegu starfi dreifðust krakkarnir í ólíka hópa og á ólíka staði eftir viðfangsefnum. Guðrún gaf oftast fyrirmæli um hópaskiptingu í upphafi vinnulotu. Krakkarnir virtust vel meðvitaðir um hvar þau áttu að vera hverju sinni og það olli þeim ekki erfiðleikum að því er séð varð. Stundatafla uppi á vegg sýndi skilmerkilega hópaskiptinguna hverju sinni og ég sá þau skoða hana. Eftir því sem Guðrún sagði mér tók það svolítinn tíma í upphafi skólaárs að festa hópana í sessi en síðan „rúllaði kerfið átakalaust“. Þegar hóparnir fóru í sérgreinastofur og í matsal gengu þau með kennaranum í röð. Áhersla var lögð á að ganga rólega og hljóðlega. Átak hafði verið gert í þessu.


Nemendahópnum var stundum skipt upp eftir árgöngum. Sem dæmi má nefna að í fyrstu heimsókn minni var 4. bekkur í stóru stofunni og 5. bekkur í þeirri minni í enskutíma. Þannig voru tveir tímar á viku og helgaðist það af því að aðeins 5. bekkurinn fær enskukennslu.

Enska 5.A Íslenska 4.I

Næst er að nefna að hópnum var í nokkrum tilvikum skipt eftir kynjum. Stelpurnar í 4. og 5. bekk voru þá saman og strákahópurinn skiptist eftir árgöngum. Þannig fengust þrjár álíka stórir hópar. Þessa skiptingu sá ég t.d. 2. desember, þá voru strákar í 5. bekk í stóru stofunni hjá Hallgerði að ljúka sögu og mynd af víkingaskipi eða skrifa ljóð um víkinga. Strákar í 4. bekk fóru með Guðrúnu í hópnum og umræður, en stelpurnar voru allar í minni stofunni með Helgu og Eyrúnu, þær voru líka að ljúka við sögu um víkinga og teikna skip.


Þemavinna (Samfélagsfræði og náttúrufræði)

Sama skipting var 12. janúar eftir matarhlé. Þá var svokölluð hringekja sem þýðir að nemendahópurinn skiptist á að vinna þrjú verkefni. Í stóru stofunni var Hallgerður með verkefni í víkingaþemanu, hún byrjaði með stelpuhópnum. Í minni stofunni voru Helga og Eyrún með stafsetningarverkefni, þar byrjuðu 5. bekkjar strákarnir. Guðrún var með bekkjarfund í tæknistofunni með strákana í 4. bekknum. Síðan var skipt eftir 40 mínútur og eftir þrjár kennslustundir höfðu krakkarnir farið í öll viðfangsefni þrjú. Þessir kynjaskiptu hópar voru líka í tónmennt og íþróttum og hafði það fyrirkomulag reynst þokkalega vel. Að mati Guðrúnar hefur kynjaskipting kosti og galla. Hún nefndi sem dæmi um ókost að strákarnir sem eru slakari í íþróttum eru berskjaldaðri þegar stelpurnar vantar.



Tónmennt 4.1
Íþróttir 5. A
Stærðfræði stúlkur

Oftast unnu krakkarnir samt saman í aldurs- og kynjablönduðum hópum. Fastir undirhópar voru fjórir og einfaldlega merktir á töflu 1, 2, 3 og 4. Þessir hópar stýra nemendum í sérgreinar, sund, smíðar, textíl, heimilisfræði og myndmennt. Skiptingin mánudaginn 14. nóvember var þannig í byrjun dags að einn hópur var að fara í sund og þeir nemendur tóku sundpokann sinn og fóru af stað. Hin náðu í dagbækur í skúffuskáp og skiptust á stofurnar tvær. Eftir hádegi fóru hópar 1 og 2 í smíði og textíl en 3 og 4 voru í stóru stofunni og héldu áfram að vinna í stærðfræði og íslensku.



Heimilisfræði hópur 1
Myndmennt hópur 4
Vinnustund hópur 3
Upplýsingamennt hópur 2

Umsjónarhópar voru fjórir og skiptist nemendahópurinn jafnt á kennarana fjóra, þær Guðrúnu, Hallgerði, Helgu og Eyrúnu, 14-15 nemendur á hverja. Það var þó ekki þannig að þær tækju þennan hóp til sín, heldur fylgdust þær sérstaklega með námsframvindu, mætingu þessara nemenda og sáu um samskipti við foreldra þeirra sem voru í umsjónarhópnum. Þegar þær merktu í bækurnar hvernig miðaði í stærðfræði og íslensku gengu þær á milli og merktu hjá sínum umsjónarnemendum sem voru dreifðir um stofuna. Þegar kom að umsögn og mati í lok annar voru þær allar saman og fóru yfir stöðu hvers og eins nemanda. Þetta gerðu þær að sögn vegna þess að þær höfðu allar mikið að segja af öllum nemendum.

Sérhópar

Tveir leshópar fóru reglulega á bókasafn í næðisstundinni með Helgu og Guðrúnu. Að sögn Guðrúnar var lestrarátak í gangi þar sem of margir í hópnum voru enn í vandræðum með lesturinn.

Hóparnir fóru á skólasafnið í samlestur, fimm nemendur í hvorum hópi, settust saman í sinn hvorn enda safnsins. Þegar krakkarnir höfðu fundið til bækurnar sínar settust þau hlið við hlið á dýnur og lásu saman og hlustuðu hvert á annað.

Sérkennari kom inn í stofuna í einni heimsókn minni og náði í hóp til að fara í námsverið. Átta stelpur fóru í námsver tvo tíma í viku og stafsetningarhópur fór þangað líka. Að sögn Guðrúnar fannst þeim nýttast betur að taka hóp út, eða eins og hún orðaði það:

„það eru bara svo margir slakir“.

Uppstokkun

Nýir hópar verða til á nýrri önn, sagði Guðrún mér. Þá ætla þær að endurskoða og breyta kynjaskiptu hópnum. Strákahópurinn var skiptur eftir árgöngum og á milli þeirra hafði komið upp togstreita sem nauðsynlegt var að taka á. Þær ætluðu líka að búa til nýja undirhópa sem fylgjast að í sérgreinatímum.

Vinnulag nemenda

Hér á eftir verður greint frá nokkrum þáttum sem einkenndu vinnulag nemenda. Reynt var að bregða ljósi á samhengi þess sem kennarinn skipuleggur og þess sem nemandinn fæst við í kennslustund, hvernig kennarinn leggur námið upp og í framhaldi af því hvernig nemandinn tekst á við verkefnið sem fyrir liggja. Einnig var skoðað að hve miklu leyti nemandinn er ábyrgur fyrir námi sínu, gerir eigin áætlanir og setur sér markmið.

Ólík verkefni - ólíkur hraði

Í fyrstu heimsókn minni 14. nóvember tók ég eftir því að nemendur voru dreifðir um stofuna, einn til tveir við hvert borð í ólíkum verkefnum að reikna, teikna eða lesa. Síðar sama dag skrifaði ég í vettvangsnótur:

Í stóru stofunni eru þrjár strákar á dýnum að lesa, einn hefur troðið sér undir borð út við vegg og les í friði. Fimm strákar eru saman við aðra tölvuna og skrifa sögu. Fjórar stelpur eru saman við tölvuna í hinum enda stofunnar og skrifa ljóð. Fjórir strákar

sitja á gólfinu nær miðju stofunnar og vinna að víkingamynd. Nokkrar stelpur eru enn að reikna og tveir strákar einnig. Með reglulegu millibili hastar Hallgerður á þá sem trufla og hafa of hátt. Í minni stofunni eru nokkrir krakkar að undirbúa heimsókn á leikskólann síðar í vikunni og hafa valið barnabók á safninu til að lesa.

Sama dag í stærðfræðitíma gengu kennarar á milli og aðstoðuðu nemendur sem voru að vinna í ólíkum bókum og á ólíkum stað, óháð árgöngum. Einn nemandi í 4. bekk sýndi mér stoltur að hann væri búinn að fá Einingu 8 sem er fyrir 5. bekk.

Í vettvangslýsingu frá 22. nóvember er svipuð lýsing:

Flestir nemendur eru að vinna í vinnubækur, Málrækt, Mál til komið o.fl. íslenskubækur. Nokkur skrifa í skrifarbók. Hópar í tölvunum þremur eru að skrifa sögur. Fjórir strákar eru að lesa á dýnunni í enda stofunnar. Tvær stelpur eru komnar með nýtt fjölfaldað hefti til að vinna í. Ein stelpa er að vinna í litla heftið sitt um Jónas Hallgrímsson, önnur finnur ekki sitt og er gerð leit að því. Tveir hópar stráka eru að teikna víkingamyndir.

12. janúar var stærðfræðitími hjá strákum í 5. bekk.

Hallgerður gengur á milli og aðstoðar. Guðrún sest við borð og fær til sín þrjá stráka og aðstoðar þá. Þeir eru með mismunandi bækur, Merkúríus og Venus og einn er með fjölrítað hefti með dæmum. Siggí er að vinna rúmfræðiverkefni og þekur mynd með ólíkum formum. „Náði þessu“, kallar hann en grúfir sig um leið yfir lausnina og vill ekki sýna félögunum hana. Vigdís reiknar í nýju bókina og spjallar við stöllur sínar.

Í myndmenntatíma 18. janúar:

Halla er niðursokkin í að mála og er næstum búin að skreyta pottinn meðan aðrir eru rétt að byrja. Ási er líka búinn með sinn pott og kemur til kennarans að biðja um annað verkefni, hún semur við hann um að teikna frjálst það sem eftir er tímans eða þangað til hún geti aðstoðað hann við verkefnið sem hann bað um.

Samvinna nemenda

Innan ramma daglegs skipulags fór fram ýmiss konar samvinna nemenda í litlum og stórum hópum, s.s. umræðuhópum sem voru mikilvægur þáttur í þemavinnunni og á bekkjarfundum þar sem þriðjungur af hópnum ræddi saman undir stjórn kennarans. Í þemavinnu unnu þau einnig saman í minni hópum, t.d. við að búa til veggspjöld þar sem þau teiknuðu og sömdu sögur og ljóð í samvinnu. En þau unnu líka saman án þess að hóparnir væru skipulagðir af kennurunum. Þannig sá ég samvinnu þess hóps sem sat saman við borð þó oftast ynnu þau einstaklingslega í bókavinnunni. Í stærðfræðitíma sá ég tvo nemendur ganga um og aðstoða þau sem þurftu hjálp. Guðrún sagði mér seinna að þetta væri að hennar mati einn af kostum við árgangablöndun, þau eldri gætu hjálpað þeim yngri.

Við tölvuna mynduðust oft hópar sem voru að skrifa saman sögu eða leysa verkefni. Þannig voru í vinnutíma 14. nóvember fjórar stelpur saman við tölvuna að semja ljóð. Í vinnutíma vinna nemendur sjálfstætt, aðallega í íslensku og stærðfræði. Síðar sama dag sá ég tvær stelpur vinna saman, önnur með verkefni í tölvunni og hin með verkefnablaðið og bókina og í sameiningu fundu þær svörin. Sama dag voru tveir strákar við tölvuna í öðrum enda stofunnar og tvær stelpur við tölvuna hinum megin að skrifa sögur. Þá voru líka fjórir strákar að vinna saman að stórri víkingamynd á gólfinu nálægt kennaraborðinu.

Vinnufriður - bekkjarandi

Notalegt vinnuandrúmsloft skapaðist jafnan þegar allir voru komnir að verki sem tók yfirleitt aðeins um fimm mínútur eftir að fyrirmæli voru gefin. „Ágætur vinnufriður er og þau eru flestöll virk, öðru hvoru stendur einhver upp og nær í bók í skúffu eða skáp“, stendur í vettvangsnótum frá heimsókn í nóvember. Krakkarnir voru almennt vinnusamir og héldu sig flest vel að verki. Stundum varð erill eða los þegar hópar voru að koma eða fara, en flest létu það ekki trufla sig heldur héldu áfram vinnu sinni. Eins varð stundum los undir lok vinnulotu. Það voru þó hárfín mörk milli vinnukliðs

og hávaða í þetta stórum hópi og þolmörk kennara virtust mismunandi, í það minnsta sussaði Hallgerður oftast en hinar.

Ágreining eða átök milli krakkanna sá ég ekki inni í stofunni, en í þremur tilvikum varð ég vör við að tekið væri á málum sem upp komu og fólu í sér átök milli einstaklinga eða hópa. Eitt tilvikið var milli stelpnanna í frímínútum, annað milli stráka í stofunni áður en kennarar komu að morgni og á bekkjarfundi í janúar var rætt um samkomulagið milli strákanna í 4. og 5. bekk.

Sjálfstæði nemenda, eigið frumkvæði

Oftast komu fyrir mæli frá kennara og stundataflan stýrði því að mestu hvað verið var að fást við á hverjum tíma. Nemendur unnu á eigin hraða og fylgdust ekki að í verkefnum eða bókum. Sjálfstæði nemenda og frumkvæði fólst einnig í því sem þau gerðu eftir að verkefni tímans var lokið. Þau fengu þá leyfi kennarans til að fara í tölvuna og vinna þar, skrifa sögu eða ljóð eða fara á safnið og ná sér í bók að lesa.

Síðan var það sem fram fór innan ramma tímans en utan við verkefnin eins og þau eru lögð upp af kennarans hálfu. Nemendur voru að fást við ýmislegt utan þess sem kennararnir skipuleggja eða jafnvel vita um. Dæmi um það er þegar ein stelpa bjó til lag, skrifaði nótur á blað og raulaði fyrir stöllu sína. Einnig má nefna bréfaskriftir sem nokkrar stelpur voru mjög uppteknar af þegar ég kom í heimsókn janúar:

Nokkrar stelpur hafa sett upp póstkassa á borðinu sínu. Ég geng til tveggja sem eru uppteknar af að búa til bréf og spyr þær hverjum þær ætli að senda. „Vinkonu minni“, svarar önnur. Vinkonan er við borð hinum megin í stofunni og þegar bréfið er tilbúið skýst hún til hennar og setur bréfið í póstkassann hennar. „Betra að skrifa heldur en alltaf að tala saman og kannski vill maður ekki að hinir heyri“, segir hún mér þegar hún kemur til baka.

Í einni heimsókn minni voru nokkrir strákar mjög uppteknir af því að búa til myndasögur:

Einn strákur er að teikna myndasögu, hefur búið til bók eða hefti með kápu, A4-blað brotið og heft í miðju. Hann keppist við að teikna, rammur myndirnar inn jafnóðum og býr til talblöðrur. Ég spyr hann hvort hann geri mikið af þessu og hann segist gera það og fara síðan með heftin á bókasafnið. Félagar hans tveir sem sitja við sama borð sýna mér þá líka sínar bækur sem þeir eru að búa til. Svo lesa þeir hver hjá öðrum með tilþrifum (hljóðum og leik). „Við höfum bara svo lítinn tíma“, segir sá sem ég spurði fyrst, „við ætlum alltaf að hittast eftir skóla“, segir hann og hlær við.

Námsmat - eftirlit kennara

Kennararnir fjórir, Guðrún, Hallgerður, Helga og Eyrún höfðu hver um sig umsjón með 14-15 nemendum. Guðrún greindi mér frá því hvernig þær fylgdust með framvindu í íslensku og stærðfræði, hver hjá sínum umsjónarhópi. Í vinnutímum gengu þær á milli nemenda eða fengu þau til sín. Þá merktu þær með dagsetningu við í bókinni hvert nemandinn var kominn. Þetta gerðu þær til að fylgja því eftir að nemendur ynnu jafnt og þétt í bókunum og væru ekki að slá slöku við. Þannig sá ég t.d. í heimsókn 2. desember að Helga skoðaði bækurnar hjá stelpunum og fór yfir, hún gekk á milli og hélt þeim við efnið á hljóðlátan hátt.

Nokkrir nemendur voru með áætlun í stærðfræði sem þau tóku heim og nemandi og foreldri skrifaði undir. Þetta voru þó bara þau sem áttu erfitt með að halda sig að verki og þurftu aðhald til að dragast ekki aftur úr.

Í heimsókn minni 12. janúar var önninni að ljúka og í næstu viku á eftir voru foreldraviðtöl og námsmat. Kennararnir sögðust vinna saman að einkunnagjöf í hverri námsgrein fyrir hvern nemanda í öllum hópnum. Þær sögðu það nauðsynlegt þar sem verkaskipting þeirra þýddi að þær sæju nemendur ekki í öllum greinum. Þær væru hver með sinn umsjónarhóp en hittu þann nemendahóp aldrei sérstaklega. Matið byggði bæði á árangri nemenda í könnunum og símati en líka mátu þær vinnusemi nemenda sem gildir hlutfallslega í einkunn. Hún birtist síðan í einni tölu í vitnisburði skólans.

Skóladagar

Í þessum kafla er lýst dæmigerðum skóladögum fjögurra nemenda sem ég fylgdist með í vettvangsathuguninni. Það eru þau Vigdís, Sigurður, Geir og Halla.¹ Þau eru öll nemendur í 4.-5. bekkjarhópnum sem ég fylgdist með. Vigdís og Sigurður í 4. bekk en Geir og Halla í 5. bekk. Við ritun kaflans studdist ég við skráningu í skólafestunni bæði einstaklingsnótur og almennar vettvangsnótur. Einnig studdist ég við gögn frá skólanum, s.s. stundaskrá nemenda. Þessi gögn eru tengd saman í heildstæða frásögn.²

Vigdís

Það er þriðjudagur í lok nóvember og í fyrsta tíma er leiksýning í salnum fyrir alla nemendur í 4., 5., 6. og 7. bekk. Í salnum eru um 100 nemendur sem sitja í röðum á gólfinu. Í enda salarins er Hallveig Thorlacius að koma sér fyrir með brúðuleikhússýningu sem reynist vera um Egil Skallagrímsson. Hún rekur söguþráð og helstu viðburði sögunnar, bregður sér í líki allra persóna og er sögumaður í leiðinni. Auk nemendanna hundrað eru í salnum um tíu fullorðnir. Sýningin heldur athygli krakkanna allan tímann, tæpan klukkutíma, og þau sitja sérstaklega hljóð og kyrr. Í lokin hafa þau margvíslegar spurningar til Hallveigar. Einn strákur hefur lesið söguna í heild sinni og vill endilega að hún taki Njálu fyrir næst.

Þegar hópurinn kemur í stofuna eftir leiksýningu er kominn tími fyrir nesti. Stelpurnar kvarta yfir því að missa íþróttatímann og vilja fá hann bættan. Íþróttakennarinn er í stofunni og tekur undir með þeim að í nokkur skipti hafi viðburðir verið á einmitt þessum tíma. Gleður þær með því að segja að hann hafi ætlað að hafa púltíma svo þær megi vera fegnar að sleppa.

Vigdís sest við borðið sitt með hinum stelpunum þremur sem þar sitja. Hún tekur upp nestið sem í dag eru vínber og Harry

Potter bókina sem hún er komin langt með, stendur svo upp og nær sér í vatn að drekka. Hún nær að lesa svolítinn kafla áður en frímínúturnar koma og hún er ekkert að flýta sér út. Krakkarnir í kringum hana tínast út eftir því sem þau ljúka við nestið.

Á ganginum fyrir utan stofuna hanga útifötin á snögum og þau dúða sig í úlpur og húfur. Úti rignir og hitastigið er rétt ofan við frostmarkið.

Eftir útivist er tónmenntatími og klukkan rétt rúmlega tíu er Vigdís og 4. bekkjar hópurinn mættur í tónmenntastofuna. Engin borð eru í stofunni og stólum hefur verið ýtt til hliðar þannig að á miðju gólfi er autt pláss. Tveir kennaranemar eru í heimsókn. Kennarinn byrjar á að gefa krökkunum fyrirmæli um að setjast í hring á gólfið, les síðan upp og merkir við. Síðan kynnir hann að nú séu í stofunni þrír fullorðnir, „þið þekkið mig en þennan þekkið þið ekki, hann er kennararnemi og bráðum bætist annar við“. Biður þau að heilsa nemunum. Síðan standa þau upp og standa í hring þannig að allir sjái alla. Kennarinn rifjar upp verkefni síðasta tíma, þau voru að vinna með takt, og fundu takt í matseðlinum. Fær þau til að klappa setningar eins og „soðin ýsa með kartöflum“. Síðan er upphitun og þá hefjast taktæfingar, fyrst fyrir alla í hóp og síðan búa þau til sinn takt og klappa hann, öll saman og svo í hópum. Hann hefur örugga stjórn á hópnum og fulla athygli þeirra og tíminn líður hratt. Hann leyfir þeim líka að prófa að stjórna. Það eru glaðir krakkar að sjá sem ganga í röð út úr tónmenntatímanum.

Þegar krakkarnir í 4. bekk koma aftur upp eru hópar 2 og 3 að fara í textíl og smíði og íþróttahópur úr 5. bekk er að tínast inn. Það er íslenskutími samkvæmt töflunni. Þau sem eftir eru í stofunni sitja dreift um stóru stofuna, 2-4 á hverju borði/eyju, sum sitja ein. Þau ná sér í vinnubækur til að vinna í og þurfa þá sum að fara yfir í hina stofuna til að ná í bækur sem eru þar. Vigdís sest við borðið sitt eftir að hafa náð í bækur í skúffuskápinn. Tveir strákar koma síðastir úr íþróttatíma og með nokkurri fyrirferð. Þeir þurfa að koma við á einu

1 Nöfnun nemenda hefur verið breytt.

2 Tekið skal fram að ekki er um að ræða lýsingu á einum degi heldur hafa brot úr nokkrum dögum verið sett saman til að mynda heild. Hver lýsing á þó við um einn nemanda.

borði og ræða hávært eitthvað sem kom upp á í tímanum. Helga kennari gengur til þeirra og gefur þeim merki og telur á fingrum sér, „ég er komin upp í fimm“, segir hún. Þeir snarþagna og koma sér í sæti. Í stofunni eru núna tveir kennarar og 26 nemendur þegar allir eru komnir.

Kennararnir ganga á milli og sjá til þess að allir séu komnir með verkefni. Guðrún lýsir yfir „það er íslenska“, eins og stundataflan segir líka til um, en þó eru sum að vinna í stærðfræði, meðal þeirra Vigdís. Eftir tíu mínútur eru allir byrjaðir að vinna og kominn notalegur vinnufriður. Vigdís er núna komin með íslenskuverkefnið á borðið, það er bókin *Mál til komið*, en hún fer fyrst að vinna í stærðfræði. Hún er að vinna í *Einingu 7* og er langt komin með bókina. Hún aðstoðar sessunaut sinn við verkefnið sem hún er að fást við og þær bera sig saman. Fimm mínútur yfir ellefu er Vigdís byrjuð að vinna í íslenskubókinni. Guðrún kennari kemur til hennar og merkir við í bókina hennar með dagsetningu og athugar um leið hvert hún var komin síðast þegar merkt var við. Þannig fylgist hún með því hvernig Vigdís miðar við vinnuna. Guðrún hrósar henni fyrir hvað hún hefur unnið vel og er komin langt. Þegar Guðrún fer frá þeim bregður Vigdís á leik við vinkonu sína, það er leikur sem líkist úllen dúllen doff. Guðrún snýr sér við og stoppar þær og þær snúa sér báðar aftur að vinnubókunum og keppast við.

Undir lok tímans er komið aðeins meira los, og spjallið á borðunum verður háværra. Strákur á næsta borði gengur á milli og safnar strokleðursviski frá stelpunum, bleiku annars vegar og svörtu hins vegar, í tvo litla plastpoka. Hann kemur til Vigdísar og sýnir henni hverju hann hefur safnað. Sest svo og eyðir nokkrum tíma í þetta stúss, að skoða þetta smáræði og velta því í höndum sér og sýna stráknum sem situr við hliðina á honum.

Næðisstund hefst klukkan 11:20. Hóparnir sem fóru í smíði og textíl koma inn. Sérkennarinn kemur inn með Helenu sem er fötluð. Helga kennari tekur á móti henni og hún sest ein við borð. Guðrún

segir krökkunum að nú megi þau lesa, vinna áfram í vinnubækur eða teikna meðan næðisstundin er. Hún notar magnarakerfið til að gefa fyrirmæli yfir hópinn. Tveir leshópar fara á bókasafn með Helgu og Guðrúnu en Hallgerður kennari verður eftir uppi í stofu. Hún er nýkomin inn í stofuna og hefur ekki verið með þeim í morgun. Hallgerður leyfir þeim sem vilja að skrifa sögu eða vinna móðurmálsverkefni sem hún hefur útbúið þannig að þau geti unnið það í tölvunni. Þrjár tölvur eru í stofunni og það hópast fjórir krakkar um hverja til að skrifa og hjálpast að eða bíða eftir að komast að. Vigdís og stóllur hennar sitja kyrrar við sitt borð. Vigdís sýnir þeim að hún hefur skrifað niður nótur fyrir lítið lag. Hún hefur samið það og segir, „þetta er bakarasingurinn, við syngjum þetta þegar við hnoðum deigið í heimilisfræðinni“. Hinar hlæja með henni og hún raular lagið. Hún hefur merkt blaðið rækilega með nafninu sínu.

Svo er kominn matur og allir fara í matarröðina og saman niður í matsalinn. Vigdís er með nesti að heiman í dag og sest við borð með fleirum sem koma með nesti með sér í hádegi. Hún er fljót að borða og stekkur svo út með vinkonum sínum. Það er hætt að rigna og besta veður og þær fara í leik með hinum stelpunum í bekknum. Þær eru svolítið seinar fyrir inn úr frímínútum af því að það kom upp rifrildi og ein stelpnanna varð svo reið að hún rauk heim. Tíminn er byrjaður fyrir fimm mínútum þegar Vigdís sest í sætið sitt, rjóð í kinnunum af útivistinni. Guðrún kennari ræðir við stelpnahópinn sem átti þátt í því að ein þeirra rauk heim í fússi. Hún vill fá að vita hvað gerðist. Svo fer hún og hringir heim til þeirrar sem fór.

Vigdís tekur fram stærðfræðibókina og byrjar að vinna. Eins og fyrir hádegi eru tveir hópar í smíði og textíl, hin eru saman í stóru stofunni, á stundatöflu er íslenska en mörg eru líka að vinna í stærðfræðibókum eins og Vigdís. Helga kennari kemur til hennar og merkir við með dagsetningu í bókina hvert hún er komin. Sigrún, sem er þroskaþjálfari, situr með Helenu við næsta borð og

aðstoðar hana. Eftir smástund kemur ein af stelpunum í 4. bekk og sest þar líka og vinnur í bókina sína en þær eiga engin samskipti. Þroskaþjálfinn skráir skilaboð og upplýsingar í samskiptabók fyrir Helenu. Sérkennari hefur bæst í hópinn í stofunni og sest við borð þar sem sitja fjórir strákar. Hún aðstoðar þá en mest einn þeirra. Klukkan er að nálgast eitt. Lísbet, sem er ljóshærð stelpa með fléttur og gleraugu, situr ein við borðið eftir að Helena og Sigrún eru farnar. Hún veltir litlum spegli í höndum sér, og horfir út í loftið og virðist ein í sínum heimi. Hún var áðan úti á gangi að skoða myndir á veggjunum. Hún stendur aftur upp og fer af stað og finnur sér bók að lesa og sest bak við borð út við vegg. Helga veit af henni en gerir enga athugasemd.

Stella, sem er ein af stelpunum á sama borði og Vigdís, fer til Helgu og biður um nýja verkefnabók, Helga ber sig saman við Hallgerði og þær sameinast um að finna nýja verkefnabók fyrir Stellu. Hún fær fjölfaldað verkefnahefti með þrautum og krossgátum o.fl., síðasta bókin sem hún fékk var of erfið, þessi er meira við hæfi. Vigdís stendur upp og fer með bókina sína til Guðrúnar þar sem hún situr við borð hjá strákahóp. „Búin“, segir hún og veifar bókinni og brosir út að eyrum. „Bara formleg skil“, spyr Guðrún og brosir við, „og er nú allt rétt?“ Vigdís heldur það og Guðrún hrósar henni og spyr hvaða bók hún vilji þá fá næst. *Við stefnum á deilingu* er bókin sem þær finna saman og svo sest Vigdís við borðið ánægð með sig og sýnir stöllum sínum nýju bókina.

Tvær stelpur eru að skrifa sögu í tölvunni, víkingasögu. Þær eru búnar að skrifa fjórar síður í nokkrum köflum. Hinum megin í stofunni eru strákar við tölvurnar, tveir og tveir við hvora. Annað parið er að semja víkingasögu við myndina sem þeir eru búnir að teikna og lita, hinir að semja dýrasögu og finna myndir á vefnum til að skreyta hana. Ein stelpnanna hefur búið til bók með því að brjóta tvö A-4 blöð og festa saman með bandi, segist ætla að skrifa sögu. Hún fer um stofuna og kemur víða við. Nú er í stofunni þægilegur vinnufriður en vottur af spjalli heyrir öðru hvoru, þá sussar

Hallgerður en hún gengur á milli og sest við borð þar sem þarf að aðstoða einhverja. Vigdís og stelpurnar taka saman á borðinu þegar klukkan er tíu mínútur yfir eitt. Næst er smíðatími það sem eftir er dags hjá þeim, hópurinn sem var í textíl kemur inn og annar hópur fer þangað í staðinn.

Smíðakennarinn er kominn til að taka hópinn sem á að koma til hans. Hann stillir þeim upp í röð og þegar allir eru komnir er lagt af stað niður. Klukkan er tuttugu mínútur yfir eitt þegar Vigdís er sest við bekkinn í smíðastofunni. Kennarinn er við kennaraborðið og biður eftir hljóði. Hann les upp nöfnin og þau svara. Hann fer svo yfir verkefni tímans og rifjar upp. Um þrjú verkefni er að ræða, eitt útskurðarverkefni sem flestir eru búnir með, víraverkefni sem sumir eiga eftir að ljúka og svo þriðja verkefnið, útskurðarverkefni sem er kaffipokastandur. Hann hvetur þau til að teikna sjálf sína útfærslu og nota eigin hugmyndir en þau geta líka notað fyrirmynd sem hann hefur búið til. Hann rifjar upp sandpappírsothkun og þússun og minnir líka á að þau eigi að skreyta stykkinn sín og upplagt sé að nota þau t.d. í jólagjafir. Þegar hann hefur farið yfir þetta segir hann þeim að ná í möppuna sína og verkefnið. Hann setur á sig smíðasvuntuna og þau ná í stykkinn sín og ganga til verks, hver að sínu og þá hafa þau klukkutíma í samfellda vinnu. Vigdís var komin með kaffipokastandinn í hendurnar og sýnir kennaranum sem leiðbeinir henni um næstu skref.

Að loknum smíðatíma er bara eftir að fara upp í stofu og ná í töskuna til að fara heim. Hallgerður er í stofunni, allir eru að ganga frá, hún minnir þau á að standa við stólana en sum eru farin út og þannig tínast þau í burtu úr stofunni. Vigdís verður samferða vinkonum sínum.

Siggi

Einn dag, snemma í desember, er Siggi sestur við borðið sitt í stóru stofunni kl. 8:15. Kennslan er að byrja en margir eru samt komnir fyrir því stofan er opin frá átta. Hann situr við borðið sitt í bláum

íþróttagalla og með gleraugu og spjallar við félagana þrjá sem sitja með honum á borði. En þegar kennarinn byrjar að tala þagna þeir og hlusta, þeir gera það alltaf þegar Guðrún segir þeim hvað á að gera. Stelpurnar í 4. bekk eiga að fara í hina stofuna með Helgu og strákarnir í 4. bekk eiga að fara með Guðrúnu í hópvinnu. Þá þarf Siggi ekki að færa sig.

„Allir sem eru ekki búnir með verkefnin um víkingana í vinnubók eiga að taka þau fram og ljúka þeim“, endurtekur Hallgerður kennari þegar hin eru farin. Þau eru bráðum búnir með þetta þema og þegar önninni lýkur í janúar eiga allir að vera búnir með vinnubókina sína og allir hópar líka að vera búnir með veggspjöldin sín. Nú hafa þau tvo tíma til að vinna í þessum verkefnum. Klukkuna vantar fimm mínútur í hálfnú þegar Siggi er búinn að finna til stílabókina með víkingaverkefnunum og sestur aftur í sætið sitt. Hann byrjar strax að lita landnámsskiptið sem hann teiknaði í tímanum eftir hádegi í gær. Hann spjallar við Örn um jólaföndrið, þá er foreldrum boðið að koma í skólann og taka þátt, bakaðar vöflur og öllum boðið. Foreldrar Sigga ætla örugglega að koma.

Hinir strákarnir eru líka komnir með sín verkefni. En Alli er hálfvúll þar sem hann situr yfir auðri síðu. Hann var ekki í skólanum í gær og þarf að vinna upp það sem hin gerðu í tímunum eftir hádegi í gær, byrja á sögu eða ljóði og teikna mynd. Honum líkar ekki að vera á eftir hinum en fer samt og nær í bókina um Leif Eiríksson sem þau nota til að fá hugmyndir um hvernig lífið á víkingatímanum var.

Örn sem situr við hliðina á Sigga hefur teiknað vel útfærða mynd af víkingaskipi, „hann er algjör listamaður“, segir Jón við Sigga, „komdu og sjáðu myndina sem hann gerði í gær“. Á plakatinu á töflunni er stór mynd af landnámsjörðinni, húsum og dýrum og örn flýgur yfir. Myndin er sérstaklega vel gerð og nosturslega teiknuð. „Vorur ekki allir saman að gera plakatið?“ spyr Siggi. „Hann mest“, svarar Jón. Örn segir sjálfur ekki neitt en heldur áfram að teikna.

Siggi er búinn með myndina og fer til Hallgerðar sem var að koma inn með fartölvuvagninn og spyr hvort hann megi ná sér í tölvu til að skrifa ljóðið. Hann er búinn með bæði söguna og myndina. Hinir sem líka vilja fá tölvu verða að sýna Hallgerði að þeir séu búnir með verkefnin. Friðgeir er ekki búinn en vill samt fá tölvu til að vinna, en það leyfir Hallgerður ekki. Hann nöldrar svolítið en hlýðir samt. „Þú gerir það sem þér er sagt“, segir Hallgerður og gefur ekkert eftir. Það tekur smátíma að koma tölvunum af stað og þeir hjálpast að, alls sjö strákar. Þeir raða sér á borðin næst vagninum. Siggi sér að það er ennþá tími, klukkuna vantar tuttugu mínútur í nú þegar hann byrjar á ljóðinu. Þegar hann er kominn vel á veg með ljóðið segir Hallgerður þeim að ganga frá, nú sé komið að strákunum í 5. bekk að fara í hópinn með Guðrúnu. Hann freistast samt til að fara í einn tölvuleik áður en hann lokar tölvunni. Sumir strákanna eru búnir að vera miklu lengur í leiknum.

Fimm mínútur fyrir nú kemur Guðrún upp með 4. bekkjar strákahópinn og kallar á 5. bekkjar strákana að koma með sér. Siggi drífur sig að ganga frá tölvunni og hleypur síðan í röðina frammi. Honum er alveg sama hvar hann er í röðinni en Steini og Gummi rifast um að vera fremstir. „Þið farið aftast“, skipar Guðrún, „sá sem segir eitthvað fer aftast, passið ykkur bara ég reyni að plata ykkur til að segja eitthvað og þá verðið þið að fara aftast“, og hún hlær að þeim. Þegar kominn er nokkurn veginn ró í röðinni fer Guðrún af stað og strákarnir á eftir henni niður. Steini og Gummi eru nú aftastir og leika sér að því að segja eitthvað og skipta stöðugt um pláss. Röðin liðast niður stigann út ganginn og inn í tæknistofuna sem þau nota fyrir svona hópinnu.

Verkefnið er framsögn og Guðrún byrjar á að rifja upp reglurnar. Siggi situr fremst og hlustar á hana með athygli. Sá sem talar á að ganga að púltinu, horfa á hópinn og tala til hans, „muna að tala ekki barnamál“, segir hún og minnir þá líka á að þeir eiga að svara spurningum frá hinum. Þeir eiga að segja frá því hvað þeir mundu taka með sér í ferðina

til að nema land, nefna 5-6 hluti eða hvað annað sem þeir vilja taka með sér. Guðrún segir þeim líka að eitt atriði hafi sér fundist vanta hjá öllum í hinum hópnum og nú ætli hún að sjá hvort þeir komi með það. „Hver vill vera fyrstur“, spyr hún og það eru strax margar hendur á lofti.

Strákarnir koma upp hver á eftir öðrum og nefna mat, vatn, föt, dýr og fá líka spurningar frá hinum, eins og „til hvers ætlar þú að hafa kindur?“ Siggi spyr ekki, en hlustar og lifir sig inn í frásögn hinna og leikur að hann höggvi með exi, þegar Jón nefnir exi. Þegar röðin kemur að honum nefnir hann mat, vatn, fjölskylduna sína og föt. „Hvar vildir þú nema land?“ spyr Guðrún. „Ég veit ekki, kannski í Reykjavík“, svarar hann. Þetta með fjölskylduna vekur athygli og hann er spurður hverja, „mömmu, pabba, systkini“, svarar hann. „Litlu systur líka“, spyr Guðrún, hann kinkar kolli og hún brosir til hans. Þegar allir hafa lokið sinni framsögu segir Guðrún þeim að hún hafi einmitt tekið eftir að strákarnir í hinum hópnum nefndu hvorki vini eða fjölskyldu og hún hrósar þeim fyrir að margir nefndu þetta í þessum hópi. „Já, en til hvers að taka með sér vini, það eru allir hinir landnemarnir á staðnum?“ Það er Freyr sem hefur þessa skoðun.

Tímanum lýkur tuttugu mínútur yfir nú og Guðrún biður strákana að raða stólum við borðin og fara í röð. Steini og Gummi gera sér að leik að fela sig bak við skáp en til þeirra sést svo þeir fá ekki mikla athygli út á tiltækið.

Uppi í stofu er nestistími, stelpurnar í 4. bekk eru að fara í sund og finna til pokana sína. Tvær stelpur úr 5. bekk koma inn með mjólkurkönnu, vatnskönnu og glös. Siggi sest við borðið sitt með félagunum og tekur upp nestisboxið, nær í mjólk úr könnunni og finnur til bókina sem hann er að lesa. Þegar hann er búinn að borða drífur hann sig út ásamt félagum sínum. Þeir eru með þeim fyrstu út og klæða sig í úlpu og húfu á leiðinni niður stigann. Klukkan er tíu þegar Siggi og félagar koma inn úr frímínútum,

rjóðir og heitir þrátt fyrir kalt veður úti, enda hafa þeir verið í fótbolta allar frímínúturnar. Í þessari lotu er íslenska og stærðfræði. Siggi fer að skúffuskápnum til að ná í stærðfræðibókina, *Verkefni fyrir vasareikni*, hann tekur upp vasareikninn og byrjar strax að reikna. Á næsta borði eru tveir strákar að þrátta við Hallgerði um það hvort þeir megi sitja saman við borð en hún þvertur fyrir það og stíar þeim í sundur. Næsta hálf tímamann keppist Siggi við að reikna enda hefur hann ákveðið að reyna að klára bókina, helst í dag. Hann færir inn svörin í bókina jafnóðum.

Guðrún gengur á milli og aðstoðar þau og Hallgerður er sest við borð hinum megin í stofunni og aðstoðar einn strák þar. Hún kallar síðan tvo til viðbótar til sín og lítur til með þeim meðan þeir reikna. Þegar Siggi kemur að dæmi sem hann veit ekki hvernig hann á að reikna stendur hann upp og fer til Hallgerðar með bókina og vasareikninn og hún sýnir honum hvernig hann leysir dæmið.

Tuttugu mínútum fyrir ellefu sér Siggi að strákarnir sem hann er að vinna með í víkingapemanu hafa dregið fram veggspjaldið og ætla greinilega að ljúka því núna. Hann slæst í hópinn og þeir fara saman yfir í hina stofuna. Það er Örn sem teiknar mest, Siggi situr uppi á borði en myndin er á gólfinu og hinir þrír í kring.

Rétt fyrir ellefu koma þeir aftur inn í stóru stofuna, nú á að skipta yfir í íslensku. Nokkrar stelpur eru reyndar þegar byrjaðar á íslenskuverkefni í vinnubók. Sundhópur kemur inn, sérkennarinn kemur í dyrnar og nær í fjórar stelpur sem fara með henni. Siggi fer að skúffuskápnum og dregur *Ritrúnu* fram. Hann spyr Guðrúnu hvort hann megi vinna í bókina. Sest síðan en eftir smástund kemur hann að ritunarverkefni og fer þá og spyr Hallgerði hvort hann megi skrifa það í tölvunni. Hún lítur upp og sér að önnur tölvun í stofunni er laus svo hann fær leyfið. Hann situr einn við tölvuna í tíu mínútur og þá koma Alli og Jón til hans og forvitnast um hvað hann sé að skrifa og nota tækifærið að sammælast um fótbolta eftir matartímamann – og þeir ætla að passa að 4. bekkurinn

nái ekki vellinum. Þegar Siggi er búinn með verkefnið hleypur hann til Hallgerðar og fær leyfi til að prenta það út og ná í það niður í prentarann. Þegar hann svo kemur með verkefnið upp aftur nær hann sér í límstifti og skæri og sest í sætið. Hann er nokkra stund að klippa út verkefnið og líma í stílabókina sem hann safnar í verkefnunum sínum í íslensku. Á meðan spjalla þeir félagar um úrslitin í fótboltanum um helgina. Jón er að vinna verkefni í *Ritrúnu* sem Siggi er búinn að vinna og hann getur þess vegna hjálpað honum.

Tuttugu mínútur yfir ellefu byrjar næðisstund. Sum ná sér í bók og lesa, þrír strákar setjast eða leggjast með bækurnar sínar á dýnu í enda stofunnar. Fimm strákar eru saman við aðra tölvuna og skrifa sögu. Aðrir halda áfram að vinna í bókunum. Þegar klukkan er hálf tólf kemur hjúkrunarfræðingur inn í stofuna, kynnir sig og segir krökkunum frá því að þau geti komið til hennar að spjalla. „Um heima og geima?“ gellur í einum sem er alltaf tilbúinn að reyna að vera sniðugur. „Nei, um hvernig ykkur líður og þannig“, segir hún. Síðan segir hún frá því að lús hafi komið upp og fyrir morgundaginn þurfi að kemma öllum. Svo dreifir hún blaði með leiðbeiningum til allra. Allt þetta tekur tæpar tíu mínútur. Á meðan situr Siggi, hallar sér aftur í stólnum öðru hvoru og dinglar fótunum.

Þær tíu mínútur sem eftir eru fram að hádegismat vinnur Siggi áfram í *Ritrúnu*. Tvær stelpur koma hlaupandi úr hinni stofunni og gá að því hvað er í matinn, en matseðill mánaðarins er á blaði sem hangir á vegg við hliðina á stundatöflunni. Það er steiktur fiskur í matinn og þær valhoppa til baka til að segja frá því. Tíu mínútum fyrir tólf er kominn matartími og þau fara í matarröð niður í matsal. Í matinn er steiktur fiskur með kartöflum og grænmeti. Kokkurinn skammtar á diskana og þau segja til hvað þau vilja mikið. Þau fá sér vatn með og dreifast á borðin. Kennararnir þeirra borða með þeim.

Eftir hádegi er fyrst einn þematími Þá ætlar Siggi að ljúka við ljóðið sem hann var byrjaður á í morgun, hinir strákarnir geta unnið

áfram í veggspjaldinu og svo þar á eftir fer hann í heimilisfræði með félögum sínum. Vonandi fá þeir að baka, það er skemmtilegast.

Geir og Halla

Á dimmum og hrollköldum janúarmorgni er gott að koma inn í upplýstan skólann og hlýja bekkjarstofuna. Þar er þó ekki allt með kyrrum kjörum. Geir er rétt sestur við borðið þegar skólastjórinn kemur inn. Hún er komin til að ræða við strákana í 5. bekk. Tilefnið er átök milli strákanna sem mættir voru snemma og byrjuðu á því að útkljá mál frá deginum áður. Einhverjir höfðu meitt sig. Þetta gerðist áður en kennararnir komu inn. Skólastjórinn fer yfir reglurnar, sem eru að krakkarnir mega fara inn í stofu þegar þau mæta í skólann, setjast við borðin og spjalla eða lesa þangað til kennarar koma og kennsla hefst. Hún segir að þetta byggi á trausti. Þeim sé treyst til að ganga vel um og virða reglurnar. Hún spyr hvort þau vilji breyta þessu. Þá geti þau beðið úti þar til kennarar sækja þau. Ekki vilja þau það. Hún fer yfir það sem gerðist og spyr hvort viðkomandi séu búnir að gera upp málin og sættast. Tveir segja það vera, en sá þriðji hikar. Hún fær hann þá til að koma og taka í höndina á hinum til marks um sætti og minnir þá á að „horfa í augun“ um leið og þeir sættast. Hún kveður hópinn og segist treysta því að svona tilvik endurtaki sig ekki.

Klukkan er hálf níu þegar þessu er lokið og tíminn getur byrjað. Það er stærðfræðitími hjá strákunum. Geir situr alltaf í sama sæti, hann er fljótur að taka upp pennaveski og ná í stærðfræðibókina, *Við stefnum á margföldun*. Margir eru með þá bók en mislangt komnir, aðrir eru með *Einingu 8*, *Merkúrís* og einn er með fjölrítað hefti með dæmum. Nokkur leit verður að stærðfræðibókum sumra, þær eru þá ekki í skúffunum eins og þær eiga að vera. Einn fær fjölrítað hefti þegar bókin finnst alls ekki.

Hallgerður gengur á milli og aðstoðar. Guðrún sest við borð og fær til sín þrjá stráka og aðstoðar þá. Strákarnir eru með sitt hvora bókina. Það er dempað andrúmsloft, kannski vegna þess sem gekk

á fyrr um morguninn. Strákarnir reikna og rétta upp hönd ef þá vantar aðstoð. Á hliðarborði er bygging úr sykursmolum, kirkja sem byggð var í jólaföndrinu. Guðrún gengur á milli og aðstoðar og hvetur þau til að vinna saman og hjálpast að við verkefni. Geir leitar eftir aðstoð og Guðrún sest hjá honum.

Tíu mínútum fyrir níu gefur Guðrún strákunum í 5. bekk fyrirmæli um að ganga frá og setja bækurnar í bakkana í skúffuskápnnum. Þeir raða sér upp frammi á gangi til að fara í tónmennt.

Á einu borðinu er Villi að útskýra fyrir félögum sínum hvernig reikistjörnurnar gangi um sólina „sólin er alltaf kyrr og stjörnurnar ganga hring um hana“ og hann býr til stóran hring með hendinni. Þessi umræða kemur út frá stærðfræðibókinni *Merkúrís* en á kápu er mynd af sólkerfinu.

Klukkan nálgast hálf tíu og það er kominn nestistími. Sjálfboðaliðar fara og ná í glös og könnur með vatni og mjólk fyrir þau. Margir krakkanna eru með ávexti í nesti, þeirra á meðal Geir sem borðar appelsínubáta úr boxi. Fimmtu bekkjar strákarnir koma úr tónmennt og það skapast svolítil óróleiki og hreyfing meðan þeir eru að koma inn og blandast þeim sem fyrir eru í stofunni.

Eftir frímínútur eru stelpurnar í stærðfræðitíma en strákarnir í 4. bekk í tónmennt og strákarnir í 5. bekk í íþróttum. Stelpurnar voru aftur á móti í tónmennt og svo íþróttatíma fyrstu tvo tímanna í morgun. Þær eiga því eftir að borða nestið. Fyrir framan stofuna er Helena að fara úr úlpunni með aðstoð liðskonu sinnar og þroskaþjálfinn stendur við hliðina á þeim. Helena er eilítið öfugsnúin en fer samt inn í stofu. Þar kemur hún auga á Hallgerði og faðmar hana innilega og fagnar með breiðu brosi. Guðrún situr hjá og spyr hvort hún fái ekki knús líka. Hún fær það eftir smástund þegar hinu knúsinu er lokið. Liðskona Helenu aðstoðar hana síðan við að taka upp nestið.

Inni í stofunni eru stelpurnar að koma sér fyrir í sætum og taka upp nestið sitt. Það eru rólegheit yfir þeim meðan þær borða nestið, spjalla og fara á milli borða. Smám saman fara bækurnar að tínast upp á borðin. „Stærðfræðibækur í skúffunum“, eru fyrirmæli Guðrúnar eins og hjá strákunum áðan. Bækurnar eru *Eining 7* eða *8*, *Merkúrís* og *Venus* og *Við stefnum á margföldun*. Næsta bók er tilbúin í bunka á hliðarborði það er *Við stefnum á deilingu*. Eins og í strákahópnum eru bækurnar mismunandi og stelpurnar mislangt komnar, enda blandaður hópur úr 4. og 5. bekk. Guðrún gengur á milli og skrifar dagsetningar í stærðfræðibækurnar og gerir athugasemdir við þau hvert og eitt um hvernig gengur.

Nokkrar stelpur hafa sett upp eins konar pósthólf á borðinu sínu. Þær eru uppteknar af að búa til bréf sem þær ætla að senda, „vinkonu minni“, segir ein þeirra. Vinkonan er við borð hinum megin í stofunni og þegar bréfið er tilbúið skýst hún til hennar og setur bréfið í pósthólfid.

Hallgerður aðstoðar eina stelpu við að komast inn á svæðið sitt í tölvunni og þar vinnur hún verkefni sem Hallgerður hefur útbúið upp úr bókinni *Undir regnboganum*. Önnur stelpa situr hjá henni og þær vinna saman að því að finna svörin. Sú sem er við tölvuna bætir myndum sem hún finnur á Netinu inn í verkefnið.

Nú koma strákarnir úr íþróttum og tónmennt. Guðrún tekur á móti þeim við dyrnar og spyr hvernig hafi verið í íþróttum, fimleikum leiðréttir einhver. Guðrún setur síðan á sig magnarann og gefur fyrirmæli, nú eiga allir að fara í heimastofur. Helga og Eyrún bætast í kennarahópinn og fara síðan saman í minni stofuna með sinn hóp. „Stærðfræðibækur og svo krossgátur á eftir“, segir Guðrún.

Einn strákanna kemur og heimtar stólinn sinn af stelpu á næsta borði, rífur í stólinn svo hún hrökklast af. Hún mótmælir en hann fullyrðir hástöfum að þetta sé hans stóll, hann sé merktur. Stelpan

heldur þessu ekki til streitu og fer og nær sér í annan stól. Kvartar um leið við Guðrúnu, „það er alltaf verið að taka stóla af þessu borði“, segir hún.

Geir er fljótur í sitt sama sæti og áður og er kominn með stærðfræðibókina fyrir framan sig. Flest eru fljót að koma sér í vinnu. Halla kemur að borðinu þar sem Vigdís og stöllur hennar sitja og vill setjast hjá þeim. Stelpurnar taka ekki vel á móti henni og banda henni í burtu. Hún lætur sig ekki og sest þrátt fyrir mótmæli þeirra. Þá eru þær fimm við borðið og þéttsetið. Halla stendur upp eftir smástund með stærðfræðibókina og gengur til Guðrúnar þar sem hún situr hjá nokkrum strákum. Halla þarf aðstoð og kannski líka athygli. Guðrún leiðbeinir henni. Halla vill fá nýja bók en fær ekki þar sem hún á ýmsu ólokið í þessari og fer aftur í sætið með það.

Geir reiknar. Þegar hann þarf aðstoð réttir hann upp höndina. Hann skrifar í bókina, stingur upp í sig blýantinum og horfir út í loftið en heldur svo áfram að reikna og smellir með fingrunum. Tveir strákar sitja með honum við borðið, en þeir tala ekki mikið saman. Krakkarnir eru flestir enn að vinna í stærðfræðibækur. Nú er að byrja næðisstund. Þá mega þau lesa, leysa krossgátu eða halda áfram í vinnubókum. Nokkur eru fljót að koma sér fyrir á dýnunum með bók, önnur halda áfram að vinna í bókunum eða krossgátum. Það er meiri hreyfing og klíður nú en áður meðan skipt er um verkefni. Geir stendur upp og fær leyfi til að fara í tölvuna til að skrifa sögu. Jón félagi hans kemur með honum og þeir skiptast á að skrifa söguna. Þegar kemur að því að finna mynd sem passar við söguna hleypir Geir Jóni að, hann kann það betur.

Einn strákur er að teikna myndasögu, hann hefur búið til lítið hefti með kápu. Hann keppist við að teikna, ramar myndirnar inn jafnóðum og býr til talblöðrur. Félagar hans tveir sem sitja við sama borð eiga líka sínar bækur sem þeir eru að búa til. Svo lesa þeir hver hjá öðrum með tilþrifum, hljóðum og leik.

Það er komið matarhlé og krakkarnir ganga í röð niður í matsalinn, soðin ýsa í matinn. Síðan er útivist.

Eftir matarhlé er hringekja með þremur verkefnum, í stóru stofunni er Hallgerður með verkefni í víkingapemanu, í minni stofunni eru Helga og Eyrún með stafsetningarverkefni og Guðrún með bekkjarfund í tæknistofunni. Eftir eina kennslustund er skipt og eftir þrjá tíma hafa krakkarnir farið í allt þrennt. Guðrún gefur fyrirmæli og það tekur smátíma fyrir krakkana að raða sér í hópana.

Halla fylgir hinum stelpunum í víkingaverkefnið en nokkrar stelpur eru enn uppteknar af bréfaskriftunum. Fimm mínútum eftir að tíminn byrjaði er stelpuhópurinn sestur á dýnurnar í enda stofunnar. Hallgerður situr hjá þeim á stól. Hún hefur í fanginu nokkur eintök af bókinni um Leif heppna og aðra bók um ásatrú. Hún segist ætla að tala um trúarbrögð víkinganna og rifja upp með þeim. Hún varpar spurningum til hópsins og alltaf eru nokkrar sem rétta upp hönd og vilja svara. Halla hlustar, en segir ekkert. Hallgerður nefnir Loka og þá kveikja stelpurnar, „eins og í Grímunni?“ Hallgerður hváir og veit ekki hvað þær eru að tala um. Þær vitna í Mask II, það er mynd eða leikur um norrænu guðina og nú eru margar hendur á lofti og komast færri að en vilja. Þær bjóðast til að lána henni diskinn.

Hallgerður heldur áfram frásögninni og segir þeim frá Fenrisúlfi og Miðgarðsormi og talar um dauðann og Hel. Stelpurnar rétta upp hönd en hún hleypir þeim ekki að meðan hún talar. Halla sest á stól aðeins utan við hópinn og pillar úr músamottunni við tölvuna og býr til litla hrúgu. Ein stelpa spyr, „deyjum við úr fuglaflensu?“ Þar með snýst talið um líkur á því að farfuglar beri hingað fuglaflensu. Hallgerður telur það ekki líklegt og „við erum heldur ekkert að eiga við dauða fugla og ef þið gerið það eigið þið að þvo ykkur vel um hendurnar á eftir“. Önnur spyr hvernig Loki gat eignast orm og úlf með konu. Sigurlína skýrir það með því að hann hafi getað breytt sér í allra kvikinda líki og kannski þess vegna eignast þessi afkvæmi „hann var ólíkindatól, Loki“.

Í miðjum tíma kemur strákur inn með gítar á bakinu, hann var í tónlistarkennslu í hádeginu. Hann lítur yfir hópinn, en sér að þarna á hann ekki að vera og fer aftur út.

Tíu mínútur yfir eitt eru skipti. Strákarnir í 5. bekk fara á bekkjarfund og Eyrún fylgir þeim niður. Þegar þeir koma að tæknistofunni er fundur 4. bekkjar strákanna ekki búinn og þeir bíða í nokkrar mínútur. Inni í stofunni setjast þeir strax í hring á gólfíð. Guðrún stjórnar mjög ákveðin og fer yfir reglurnar, einn talar í einu og sá sem ekki fer eftir reglunum er settur út úr hringnum og má ekki taka þátt í umræðum á meðan.

Guðrún segist vera með fyrstu málin svo megi þeir koma sínu að. Fyrsta málið er átök um íþróttavöllinn við 3. bekk í gær og í dag. Hún kallar eftir því hver vilji segja eitthvað um þetta mál, nefnir síðan einn sem á að byrja. Hún þarf nokkrum sinnum að minna strákana á að grípa ekki fram í hver fyrir öðrum. Annað málið til umræðu er snjókastið á vellinum í gær og eftirköst þess. Hún minnir þá á reglurnar sem gilda í frímínútum. Þriðja málið er samskipti strákanna í 4. og 5. bekk. Hún vill fá tillögur þeirra til að

bæta samskiptin og segir að þetta hafi komið upp á fundinum hjá 4. bekkjum áðan. Hún lætur orðið ganga. Þeir viðurkenna vandann og helst dettur þeim í hug að vera bara meira með yngri strákunum. Síðasta mál til umræðu er: Ef þú værir skólastjóri hverju mundir þú breyta? Strákarnir hafa nóg af hugmyndum, þeir vilja m.a. fleiri og flottari fótboltavelli, styttri skólalag, betri mat, meiri smíði og oftar íþróttir.

Umræðurnar ganga glatt og flestir taka virkan þátt. Geir leggur ekki mikið til málanna en hlustar. Tveir strákanna eru settir út fyrir hringinn þegar líður á tímann því þeir gleymdu reglunum og kölluðu fram í. Þeir fá ekki að vera með á fundinum það sem eftir er. Þeir mótmæla en hlýða samt.

Í lok tímans biður Guðrún strákana að hjálpast að við að laga til í stofunni en stólum og borðum var ýtt til hliðar til að gefa pláss fyrir umræðuhringinn. Í röð er gengið upp í stofuna klukkan er að nálgast tvö og síðasti tími hringekjunnar að hefjast. Geir fer með sínum félögum til Hallgerðar í víkingaverkefnið og lýkur þar með deginum.



Samantekt

Markmið athugunarinnar var að safna gögnum um vinnulag nemenda í einstaklingsmiðuðu námi og semja lýsingu á aðstæðum og námi í skóla þar sem yfirlýst stefna er að nám sé einstaklingsmiðað. Það sem fyrst og fremst einkennir skipulag náms og kennslu í skólanum er annars vegar sá rammi sem felst í skiptingu nemendahópsins á hverjum tíma í hópa sem fylgjast að í námsgreinum og/eða verkefnum og hins vegar frelsi nemenda til að vinna innan þess ramma á eigin hraða og að eigin vali. Annað sem einkennir námið er samspil einstaklingsvinnu annars vegar og samvinnu nemenda hins vegar. Í viðfangsefnum íslensku og stærðfræði unnu nemendur oftast einir en þar var líka hægt að sjá nemendur aðstoða hver annan eða ræða saman um lausn verkefna, tvo eða fleiri sem sátu saman við borð. Í þemavinnunnu aftur á móti var námið skipulagt markvisst með samvinnu hópa að markmiði og átti það jafnt við um umræður í stærri hópum, verkefnavinnu í smærri hópum og skil verkefna.

Í þessu hefti hefur verið reynt að bregða ljósi á samhengi þess sem kennarinn skipuleggur og þess sem nemandinn fæst við í kennslustund, hvernig kennarinn leggur námið upp og í framhaldi af því hvernig nemandinn tekst á við verkefni sem fyrir liggja. Skipulagið sem kennarar og nemendur unnu eftir gekk í öllum atriðum upp það séð varð. Auk þess ramma sem stundaskráin og hópaskiptingin gaf, var nemendum stýrt með stuttum fyrirætlum í upphafi tíma eða námslotu. Ekki varð séð neitt hik, hvorki á kennurum eða nemendum að fylgja því eftir. Heildarnámsáætlun fyrir nemendahópin og markmiðslýsing í einstökum námsgreinum birtist í skólanámskrá skólans og var henni fylgt þann tíma sem athugunin fór fram.

Skoðað var að hve miklu leyti nemandinn var ábyrgur fyrir námi sínu, gerði eigin áætlanir og setti sér markmið. Nemendur í sama hópi voru oftast að vinna í sömu grein eða sama grunnverkefni,

en gátu samt sem áður verið að fást við ólík viðfangsefni. Einstaka nemendur voru komnir mjög mislangt í vinnubókum bæði í íslensku og stærðfræði. Í þemavinnu, sem á þessari önn var víkingaverkefni, unnu nemendur saman í hópum og skiluðu sameiginlega af sér hluta verkefna meðan önnur verkefni voru einstaklingsbundin. Kennarar hvöttu nemendur til að hjálpast að við verkefni en þau voru misjafnlega fús til þess að veita eða þiggja slíka aðstoð.

Í vinnustund, sem er merkt sérstaklega á stundatöflu, fylgdust kennararnir með hvernig nemendum miðaði áfram í vinnu í stærðfræði og íslensku hver hjá sínum umsjónarhópi. Þær merktu við í bækurnar með dagsetningu til að tryggja að allir ynnu jafnt og þétt í bækurnar og væru ekki að slá slöku við. Nemendur gerðu sér ekki einstaklingsáætlanir, en um leið og kennari merkti við í bókinni var rætt um framvinduna og þau hvött til að halda vel áfram og nýta tímann vel. Nokkur voru með áætlun í stærðfræði sem fór heim og nemandi og foreldri skrifuðu undir, en bara þau sem áttu erfitt með að halda sig að verki.

Leitast hefur verið við að draga upp mynd af framkvæmd náms og kennslu við aðstæður þar sem yfirlýst er að nemendur séu í einstaklingsmiðuðu námi, m.a. með það að leiðarljósi að lýsingin nýttist kennurum og skólum til að skipuleggja þróunarstarf í átt að einstaklingsmiðuðu námi. Reynt var að gera lýsinguna ítarlega þannig að lesandinn geti skyggst inn í skóladag nemenda og fengið nokkra innsýn í hvernig einstakir nemendur vinna og nema. Eins og sagt var í upphafi beindist athugunin ekki að kennurum eða kennsluháttum að öðru leyti en því sem kemur fram í lýsingum á skólastarfinu. Viðkomandi kennarar og skólastjórnendur lásu skýrsluna í drögum.

Umræða

Lýsingin sem hér er sett fram er ekki hugsuð sem ábending um hina einu réttu leið að einstaklingsmiðuðu námi öllu fremur er þess vænst að hún geti verið grundvöllur umræðu og spurninga, s.s.:

- Hverjir eru helstu kostir og helstu gallar þess námsskipulags sem hér er lýst?
- Er samræmi milli stefnu fræðslufirvalda eins og hún var sett fram á þessum tíma og þess sem skólinn og kennararnir eru að skipuleggja?
- Hvert er hlutverk skólastjóra í því að koma á og viðhalda námsskipulagi eins og hér er lýst?
- Að hvaða leyti er undirbúningi kennara öðruvísi háttað en í hefðbundnu námsskipulagi?

- Í hverju er helsti ávinningur nemenda fólgin?
- Í hve miklum mæli hafa nemendur áhrif á nám sitt?
- eru mælingar á árangri nemenda í samræmi við nám og kennslu?
- Hvernig er komið til móts við nemendur með góða námsgetu?
- Hvernig er komið til móts við nemendur með slaka námsgetu?
- Ef tekið er mið af matstæki um einstaklingsmiðað nám, hvar er skólinn staddur miðað við þessa lýsingu?
- Hvernig er líðan og samskipti nemenda miðað við þá lýsingu sem sett er fram?



Lokaorð

Í þessu hefti hefur verið lýst athugun í einum skóla með það að markmiði að skoða framkvæmd stefnumótunar fræðslufirvalda í Reykjavík um einstaklingsmiðað nám og samvinnu nemenda. Leitast var við að lýsa aðstæðum í skólanum og einkennum skólastarfsins eins og þau birtust rannsakandanum í vettvangsathuginni. Lesandinn þarf að hafa í huga að hér er aðeins um að ræða einn skóla sem dæmi um framkvæmd stefnunnar en allir skólar í borginni hafa á undanförunum árum tekið misstór skref í átt að því að einstaklingsmiða nám og auka samvinnu nemenda. Skólarnir hafa farið ólíkar leiðir enda engin ein rétt leið að því markmiði að einstaklingsmiða nám.

Skólinn sem hér er lýst hefur valið sína leið og áherslur og þar hefur síðan þessi athugun var gerð verið haldið áfram að þróa starfið enn frekar til að ná þeim markmiðum sem að ofan er lýst.

Heimildir

Bogdan, R. C. and Biklen, S. K. (1992). *Qualitative Research for Education : an Introduction to Theory and Methods*. Boston: Allyn and Bacon.

Matstæki um einstaklingsmiðað nám (2005). Reykjavík: Menntasvið Reykjavíkurborgar.

Starfsáætlun Menntasviðs Reykjavíkurborgar fyrir leik- og grunnskóla 2006. Reykjavík: Menntasvið Reykjavíkurborgar.

Taylor, S .J. and Bogdan, R. C. (1984). *Introduction to Qualitative Research Methods: The Search for Meanings*. New York: John Wiley and Sons.

Tomlinson, C. A. (1999). *The differentiated classroom: responding to the needs of all learners*. Alexandria: Association for Supervision and Curriculum Development.

